

Alþingi
Erindi nr. P 127/1611
komudagur 4.4.2002



ALÞINGI ÍSLENDINGA
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 – 10

SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI
RÍKISINS

150 REYKJAVÍK

TILVÍSUN
SEP/eeg/02/0907

DAGSETNING

Reykjavík 26. mars 2002.

Efni: Umsögn skattrannsóknarstjóra ríkisins vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um einkahlutafélög 546. mál og hlutafélög 547. mál.

Skattrannsóknarstjóra ríkisins hefur borist bréf Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn skattrannsóknarstjóra ríkisins varðandi frumvarp til laga um einkahlutafélög 546. mál og hlutafélög 547. mál. Af því tilefni er Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis látin í té svohljóðandi:

u m s ö g n :


Frumvarpið er í samræmi við sambærilegt frumvarp um breytingu á lögum um bókhald og ársreikninga þar sem gert er ráð fyrir að opnuð verði heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendri mynt.

Aðalatriði frá sjónarhóli skattframkvæmdar er að ákvæði laga torveldi ekki aðgengi skattyfirvalda að upplýsingum og möguleikum á að sannreyna skattstofna.

Rétt er þó að vekja athygli á að ákveðnir liðir hljóta alltaf að verða í íslenskum krónum í bókhaldi hlutafélaga. Má þar nefna launabókhald, reikningur virðisaukaskatts, staðgreiðsla opinberra gjalda og útskrift reikninga vegna sölu á vöru eða þjónustu til aðila innanlands. Sömuleiðis þarf að huga að því að umreikningur erlendra myntar yfir í íslenskar krónur er vandmeðfarið atriði þar sem gefa þarf gaum að fjölmörgum álitamálum. Niðurstaða umreiknings þarf ekki að verða sú sama í öllum tilfellum þar ræður aðferð og tímamörk útreiknings miklu.

Mikilvægt er að hluthafar þurfa að gera grein fyrir hlutafjáreign sinni á skattframtali sínu í íslenskum krónum og að þá sé ljóst hvernig slíkur útreikningur sé grundvallaður.

Virðingarfyllst,


Skúli Egger Þórðarson